

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Bæjarveitur Vestmannaeyja Eldfellsvegur Vestmannaeyjar



<b>Dags eftirlits</b>	17.9.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Bæjarveitur Vestmannaeyja	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Eldfellsvegur	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	481188-2539	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ólafur Snorrason	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	437434,084 326685,344

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Unnið er að lokun urðunarstaðar í Bústaðagryfju fyrir brennanlegan úrgang (telst til almenns úrgangs) sem og sorpbrenslunnar við Eldfellsveg. Gerðar eru fjórar athugasemdir og fimm frávik voru staðfest. Eitt þeirra, var leiðrétt þ.e. starfsleyfistrygging hefur nú borist Umhverfisstofnun. Athugasemdirnar varða fyrrgreind lokunarmál, þá helst mikilvægi ástandsmælinga, meðhöndlun dýraleifa og sláturúrgangs og flokkunaraðstöðu. Frávikin vörðuðu hættu á dreifingu spilliefna á geymslusvæði, tilfærslu á mengunarefnum milli lofts, jarðvegs og vatns, viðhaldsáætlun var ekki aðgengileg í brennslustöð og niðurstaða á mælingu á lífrænu efni eða glæðitapi ösku hefur ekki borist.

## UMFANG EFTIRLITS

Á fundi var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu og starfsleyfismál, þá helst er varðar lokun sorpbrenslu og urðunarstaðar sem og skyldubundnar mælingar samkvæmt starfsleyfi.

Að fundi loknum var sorpbrensla og urðunarstaður skoðaður ásamt umsjónarmönnum, þeim Hafþóri Snorrassyni og Auðunni Pálssyni frá Íslenska Gámafélaginu

### Frávik frá

Ákv. 2.4, en samkvæmt því skal rekstraraðili tryggja að ekki sé hættu á að olía o.fl. berist út í umhverfið. Sjá einnig 1 tl. 1. viðauka rgl nr. 303/2008 um aðbúnað við geymslu og úrvinnslu ökutækja

### Lýsing á frávikum

Ónýtir bílar sem ekki höfðu verið tæmdir af spilliefnum stóðu á malarlögðu geymslusvæði sorpbrenslunnar. Tæma þarf olíur ofl. úr bílum áður en þeim er komið fyrir á geymslusvæðinu. Þá geta spilliefni leynst innan um öflokkaðan úrgang sem er á geymslusvæðinu.

Ákvæði 2.10. Samkvæmt því skal áætlun um viðhald vera tiltæk í brennslustöð og aðgengileg eftirlitsaðila hvenær sem er.

Viðhaldsáætlun var ekki tiltæk við skoðun í brennslustöð

Ákv. 1.4 í starfsleyfi, er kveður m.a. á um að lágmarka skuli neikvæð heildaráhrif á umhverfi ef aðferðum er beitt sem færir mengun milli lofts, vatns og jarðvegs (samþættar mengunarvarnir)

Styrkur ryks í útblæstri minnkaði við tilkomu vatnshreinsivirkis sem komið var upp. Skolvatnið sem notað var fór hins vegar óhreinsað í jarðveg/vatn, en það hefur iðulega verið yfir losunarmörkum fyrir nokkra mengunarefnaþætti.

Í ákvæði 4.6 í starfsleyfi er eftirlitsaðila heimilað að segja fyrir um tíðni mengunarmælinga. 7.1.2009 fór Umhverfisstofnun fram á árlegar mælingar á ösku þ.a.m. glæðitapi hennar.

Niðurstaða mælinga á ösku sorpbrenslunnar bárust Umhverfisstofnun fyrir árið 2011 nema mæling á lífrænu efni/glæðitapi.

17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Staðfesting um starfsleyfistryggingu fyrir Bústaðagryfju hafði við eftirlit ekki borist Umhverfisstofnun.

#### ATHUGASEMDIR

Á fundi kom fram að rekstraraðili hefur ekki hug á að gera starfsleyfisskyldar mælingar í sorpbrennslunni í ár þar sem þær eru dýrar, lítið hefur verið brennt í ár og henni verður lokað von bráðar. Eftirlitsmaður minnir á mikilvægi reglubundinna mælinga. Ennfremur er mikilvægt að gera mælingar umhverfis brennslustöðina, m.a. á þungmálmum í jarðvegi eftir að brennslu er hætt, þar sem þungmálmur eyðast ekki í umhverfinu. Þá eru illniðurbjótanleg efni, eins og díoxín og fúrön á svæðinu þar sem skolvatn hefur verið leitt í jarðveg sem og olíumengaður jarðvegur. Mengaður jarðvegur krefst sértækrar meðhöndlunar, m.a. má benda á leiðbeiningar um meðferð á olíumenguðum jarðvegi, sem gefnar voru út árið 1998 af Hollustuvernd ríkisins. Leiðbeiningarnar er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Eins er minnt á mælingar á botnösku sem gera á árlega.

Mælingar á sýni sem tekið var í jarðvegi við rafspenna í síðasta eftirliti, leiddi í ljós að olía sem innihélt PCB hafði lekið þarna í jarðveg. Styrkur PCB var hins vegar ekki hár eða 0,11mg/kg svo að ekki var talin ástæða til að hreinsa umræddan jarðveg. Ekki eru til ákveðin viðmið fyrir PCB-mengun í jarðvegi hér á landi en tekið var mið af útskolunarmörkum fyrir úrgang sem urða skal á óvirkum urðunarstöðum en þau eru 1 mg/kg.

Á geymslusvæði var verulegt magn blandaðs úrgangs sem ætlunin var að flokka síðar. Bent skal á að aðstaðan á geymslusvæðinu er óheppileg að því leyti að ef spilliefni leynast í úrganginum gætu þau lent í mölinni sem þarna er og valdið jarðvegsmengun. Á svæðinu var einnig sólbaðsstofubekkur og voru perurnar ennþá í lampahjálminum. Sjá þarf til þess að meðferð peranna sé á þann veg að tryggt sé að perurnar brotni ekki.

Þá er rétt að vekja athygli á að meðhöndlun dýraleifa er nokkuð vandmeðfarin. Þar sem verulegar breytingar eru nú fyrirhugaðar á úrgangsmálum rekstraraðila er rétt að minna á mikilvægi sóttvarna við meðhöndlun dýraleifa og sláturúrgangs, sem ávallt fellur til að einhverju marki.

#### ANNAÐ

Fyrirhugað er að hætta sorpbrennslu 1.11. nk. en dagsetningin markar lokafrest rekstraraðila til brennslu í sorpstöðinni. Jafnframt hefur verið ákveðið að hætta urðun í Bústaðagryfju og var búið að setja þekjulag/grófjafna alla fleti urðunarstaðarins við skoðun nú. Rekstraraðili vinnur nú að lokunaráætlun fyrir urðunarstaðinn. Mikilvægt er að standa jafnframt vel að lokun/frágangi sorpbrennslunnar.

Reykjavík, 28.11.2012



Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.